

Nr. \_\_\_\_\_ Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 9. apríl 2015.

Efstaleiti 5  
IS 103 Reykjavík  
5 400 300  
5 400 301

logos@logos.is  
www.logos.is

**GREINARGERÐ**  
**ÁKÆRÐU RANNVEIGAR RIST**  
í sakamálinu nr. S-807/2014:

Ákærvaldið

gegn

Guðmundi Erni Haukssyni,

Ara Bergmann Einarssyni,

Jóhanni Ásgeiri Baldurs,

Margréti Guðmundsdóttur

og

Rannveigu Rist

**1 MÁLFLUTNINGSUMBOÐ**

1. Óttar Pálsson hrl., LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, ottar@logos.is, sími 860 2316, flytur mál þetta sem skipaður verjandi ákærðu Rannveigar Rist.

**2 DÓMKRÖFUR ÁKÆRÐU**

2. Ákærða krefst þess að hún verði sýknuð af kröfum ákærvaldsins og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t málsvarnarlaun verjanda hennar samkvæmt mati dómsins eða framlögðu málskostnaðaryfirliti.

**3 SKJÖL**

3. Ákærða leggur fram greinargerð þessa og eftirfarandi fylgiskjöl:

- [1] fréttatilkynningu Exista hf. af fréttavef kauphallar, dags. 5. ágúst 2009;
- [2] bréf Dróma hf. til sérstaks saksóknara, dags. 26. september 2013;
- [3] bréf Óttar Pálssonar hrl. til Klakka ehf., dags. 20. mars 2015;
- [4] bréf Klakka ehf. til Óttars Pálssonar hrl., dags. 25. mars 2015; og
- [5] ódagsett starfsferilsyfirlit ákærðu Rannveigar Rist.

#### 4 ATVIK MÁLSINS

4. *Ákæra.* Í ákæruskjali er ákærðu, sem þáverandi stjórnarmanni í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON), ásamt öðrum ákærðu, gefin umboðssvik að sök:

„með því að hafa 30. september 2008, misnotað aðstöðu sína hjá sparisjóðnum og stefnt fé hans í verulega hættu, með því að fara út fyrir heimildir til lánveitinga, er þau í sameiningu veittu hlutafélaginu Existu, tveggja milljarða króna peningamarkaðslán með gjalddaga 31. október 2008, án trygginga fyrir endurgreiðslu lánsins og án þess að meta greiðslugetu og eignastöðu lánþegans í samræmi við útlánareglur sparisjóðsins.“

5. Í ákæru er jafnframt tekið fram að lánið hafi verið framlengt fjórum sinnum og að síðasti gjalddagi þess hafi verið 16. mars 2009. Það hafi ekki verið greitt til baka og verði að telja það sparisjóðnum að fullu eða verulegu leyti glatað.
6. *Um ákærðu.* Ákærða var kjörin í stjórn SPRON á aðalfundi sparisjóðsins hinn 27. febrúar 2008. Hún hafði ekki áður gegnt stjórnarstörfum eða sinnt daglegum rekstri fyrirtækja í útlánastarfsemi. Ákærða hafði ekki áður komið að ákvörðun um að heimila lánveitingu eða veita lán í atvinnurekstri. Um starfsferil ákærðu, sem er flekklaus, vísast að öðru leyti til fskj. 5.
7. *Ákvörðunin.* Eins og skýrt kom fram við yfirheyrslu yfir ákærðu við rannsókn málsins, sbr. bls. 764-804 í málgögnum, man ákærða ekki glögglega eftir þeirri ákvörðun sem ákært er vegna. Gögn málsins eru ekki einhlít um upphaf málsins. Svo virðist sem 29. september 2008 eða skömmu fyrr hafi SPRON borist ósk frá Exista hf. (Exista) um skammtímafyrirgreiðslu í formi ótryggðs peningamarkaðsláns, sjá hér endurrit af símtölum Valgeirs M. Baldurssonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, og starfsmanna fjárstýringar SPRON þennan dag á bls. 244-250 í gögnum málsins. SPRON hafði áður veitt Exista sambærileg peningamarkaðslán

en þar sem lánsfjárhæðin var að þessu sinni hærrí en svo að ákvörðun um hana rúmaðist innan heimilda forstjóra eða starfsmanna fjárstýringar, sem sóttu umboð sitt til hans, var heimild til lánveitingarinnar borin undir stjórn til ákvörðunar. Ákvörðun um að veita heimild til lánveitingarinnar var tekin á stjórnarfundinum hinn 30. september 2008. Málið virðist ekki hafa þótt sérstaklega veigamikil og var þess hvorki getið í fundarboði né dagskrá fundarins, sbr. bls. 275-276 í gögnum málsins. Um ákvörðunina var gerð svohljóðandi bókun í fundargerð undir 5. lið (lánamál), sbr. bls. 279 í gögnum málsins:

„Exista: Áður en þessi liður var tekinn til umfjöllunar vék Erlendur Hjaltason af fundi Óskað var eftir heimild stjórnar til lánveitingar til Exista að upphæð 2 ma.kr í 30 daga. Áhætta vegna Exista er þá tæplega 2,5 ma.kr, sem er 20% af CAD hlutfalli þetta var samþykkt“

8. Fundargerðin ber með sér að auk ákærðu hafi fundinn setið Erlendur Hjaltason, stjórnarformaður SPRON og forstjóri Exista, Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri SPRON sparisjóðs, áðurnefndur Valgeir M. Baldursson, svo og Inga E. Káradóttir sem ritaði fundargerð. Það er skilningur ákærðu að sparisjóðsstjórnin, meðákærði Guðmundur Örn Hauksson, hafi, ásamt Valgeiri M. Baldurssyni, gert grein fyrir málinu á fundinum. Bæði þeir og Erlendur Hjaltason hafi svarað spurningum stjórnarmanna um Exista og lausafjárstöðu sparisjóðsins áður en Erlendur vék sæti vegna tengsla sinna við lántakann. Ákvörðun um að veita heimild til lánsins var tekin einróma. Á grundvelli þeirrar heimildar var lánið síðan veitt.
9. Í fundargerð stjórnarfundarins er ekki að finna neinar tilvísanir til útlánareglna SPRON og engin merki eru um það í gögnum málsins að þær hafi legið fyrir á fundinum. Engar vísbendingar eru um að stjórn eða einstakir stjórnarmenn hafi verið upplýstir um að peningamarkaðslánið hafi verið fjármagnað með innláni frá Vátryggingafélagi Íslands hf. sem á sama tíma hafi, að því er virðist, fengið endurgreitt skammtímalán frá Exista að fjárhæð fjórir milljarðar króna.
10. *Framlengingar.* Eins og fram kemur í ákæruskjali var peningamarkaðslánið framlengt fjórum sinnum. Ástæða er til að geta þess að framlengingar lánsins voru ekki bornar undir stjórn SPRON eins og þó hefði verið rétt að gera. Ákærðu var ekki um þær kunnugt.

11. *Tjón.* Af gögnum málsins verður ekkert ráðið um endanlegt tap eða tjón SPRON vegna lánveitingarinnar.
12. *Engir hagsmunir ákærðu.* Ákærða tekur fram að hvorki hún né nokkur sem henni tengist höfðu sérstaka hagsmuni af peningamarkaðslánveitingunni. Það er skilningur ákærðu að hið sama eigi við um aðra stjórnarmenn. Ákærða fullyrðir að þann skamma tíma sem hún sat í stjórn SPRON hafi hún sinnt starfi sínu af samviskusemi og með hagsmuni sparisjóðsins að leiðarljósi, engra annarra.
13. Að öðru leyti vísast um málsatvik til þess sem segir í umfjöllun um röksemdir og stjórnarmið ákærðu fyrir sýknu. Máltilbúnaði ákæruvaldsins er mótmælt að því leyti sem hann stangast á við það sem að framan greinir eða fram kemur eftirfarandi umfjöllun.
14. *Kæra FME.* Vegna umfjöllunar í kæru fjármálaeftirlitsins til sérstaks saksóknara, dags. 23. október 2012, á bls. 18-67 í gögnum málsins um ætluð brot stjórnenda SPRON gegn lagaákvæðum um takmarkanir á stórum áhættum o.fl. skal fram tekið að varnir ákærðu takmarkast við það sem henni er gefið að sök í ákæruskjali. Röng og villandi greining fjármálaeftirlitsins eins og hún birtist í kærinni hefur enga þýðingu við úrlausn málsins nema að því marki sem ákæra styðst við þau sjónarmið sem þar gefur að líta. Til öryggis er þessum sjónarmiðum hins vegar mótmælt hér sem röngum og ósönnuðum.
15. Ákærða er borin sökum um brot sem varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um umboðssvik. Við fyrirtöku málsins hinn 29. október 2014 lýsti hún yfir sakleysi sínu og krefst nú sýknu. Verður næst vikið að helstu röksemdum og sjónarmiðum ákærðu í málinu.

## **5 RÖKSEMDIR OG SJÓNARMÍÐ FYRIR SÝKNU**

### **5.1 Skilyrði 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940**

16. Ákvæði 249. gr. hgl. um umboðssvik er svohljóðandi:

„Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar

þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þvingja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.“

17. Skilyrði þau sem háttsemi þarf að uppfylla til að teljast refsinnæm og falla undir ákvæðið eru eftirfarandi:
- Í fyrsta lagi að ákærða hafi verið í *aðstöðu* til að skuldbinda SPRON.
  - Í öðru lagi að ákærða hafi *misnotað aðstöðu* sína hjá SPRON með umræddri ráðstöfun.
  - Í þriðja lagi að háttsemi ákærðu hafi valdið SPRON tjóni eða a.m.k. skapað sparisjóðnum *verulega fjártjónshættu*.
18. Almennar kröfur 18. gr. almennra hegningarlaga um *ásetning* eiga við um huglæga afstöðu ákærðu til misnotkunar á aðstöðu. Efnisinntak 243. gr. almennra hegningarlaga um auðgunarásetning gerir að auki kröfu um að huglæg afstaða ákærðu hafi staðið til þess að afla sér eða öðrum *fjárvinnings* á þann hátt að SPRON biði ólöglega fjártjón að sama skapi.
19. *Sönnunarbyrðin* um sekt ákærðu hvílir á ákærvaldinu, sbr. 108. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærðu verður ekki gert áfelli nema að *hafið sé yfir skynsamlegan vafa* að hún hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök og að framangreind skilyrði refsíabyrgðar séu uppfyllt, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
20. Ekki er um það deilt að ákærða, ásamt öðrum stjórnarmönnum, var í aðstöðu til að skuldbinda SPRON. Fyrsta skilyrði refsíabyrgðar sem nefnt er hér að ofan er því uppfyllt. Öðru máli gegnir hins vegar um annað og þriðja skilyrði refsíabyrgðar; ákærða byggir á að ósannað sé að hún hafi misnotað aðstöðu sína eða valdið SPRON verulegri fjártjónshættu í skilningi 249. gr. alm. hgl. Því beri að sýkna ákærðu af öllum sakargiftum.

## 5.2 Misnotkun á aðstöðu

### 5.2.1 Afmörkun

21. Í ákæruskjali er ákærðu gefið að sök að hafa, ásamt öðrum, misnotað aðstöðu sína hjá SPRON og stefnt fé sparisjóðsins í verulega hættu með því að fara út fyrir heimildir til lánveitinga með því að veita Exista lán „án trygginga fyrir endurgreiðslu lánsins og án þess að meta greiðslugetu og eignastöðu lánþegans í samræmi við útlánareglur sparisjóðsins.“ Í útlistun ákæruvaldsins á röksemdum þeim sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008, segir enn fremur að byggt sé á að „ákærðu hafi [...] farið út fyrir heimildir sínar og þar með misnotað aðstöðu sína með því að veita lánið þar sem ekki hafi verið farið eftir útlánareglum sparisjóðsins“. Í því sambandi er síðan vísað til tiltekinna varúðarákvæða í útlánareglum sparisjóðsins, þ.e. greina 1.2, 1.4, 1.5, 2.5 og 3.1, og færðar röksemdir fyrir því að lánveiting sú sem ákært er vegna hafi falið í sér brot gegn þessum ákvæðum.
22. Samkvæmt þessu er ljóst að málalíbúnaður ákæruvaldsins hvílir á þeirri *grundvallarforsendu* að ákærða hafi farið á svig við útlánareglur SPRON. Að mati ákærðu kallar þetta á umfjöllun af hennar hálfu um eftirfarandi atriði:
- Í fyrsta lagi hvort útlánareglur sparisjóðsins hafi átt við um ákvarðanir stjórnarinnar.
  - Í öðru lagi hvort útlánareglur sparisjóðsins hafi átt við um þá tilteknu tegund lána sem um var að ræða, þ.e. peningamarkaðslán.
  - Í þriðja lagi, hafi útlánareglurnar átt við, hvort ákvæði þeirra hafi verið brotin, t.d. með því að engar tryggingar hafi staðið láninu til fullnustu.
  - Í fjórða lagi hvort fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsstöðu Exista hafi legið til grundvallar þegar ákvörðun um lánið var tekin og hvort mat stjórnarinnar á þeim hafi verið forsvaranlegt.

### 5.2.2 Útlánareglur reistu ekki ákvörðunarvaldi félagsstjórnar skorður

23. Ákærða byggir á að útlánareglur SPRON, sem samþykktar höfðu verið í félagsstjórn sparisjóðsins, hafi ekki reist ákvörðunarvaldi stjórnarinnar skorður. Stjórnin hafi verið óbundin af útlánareglunum.
24. Félagisstjórn SPRON fór með æðsta vald í málefnum sparisjóðsins á milli hluthafafunda, sbr. 68. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 50. og 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Stjórnin markaði stefnu félagsins og heimildir hennar til að taka ákvarðanir í málum takmörkuðust aðeins af lögum, reglum og samþykktum sparisjóðsins. Samkvæmt 3. gr. samþykktu SPRON var tilgangur sparisjóðsins að „rækja [...] þá starfsemi, sem viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil skv. ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki“, sbr. bls. 474 í gögnum málsins. Starfsheimildir sparisjóðsins réðust því af ákvæðum IV. kafla laga nr. 161/2002 og starfsleyfi félagsins. Við fall SPRON hafði félagið starfsleyfi Fjármálaeftirlits sem sparisjóður skv. 1.-6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna eins og þau voru þá.
25. Ekki er um það deilt að ákvörðun félagsstjórnar SPRON um að veita peningamarkaðslán til skamms tíma rúmaðist fyllilega innan þess ramma sem starfsemi sparisjóðsins var markaður í lögum, samþykktum sparisjóðsins og í starfsleyfi hans. Öðru hefur ekki verið haldið fram af hálfu ákærvaldsins og engar vísbendingar í aðra veru er að finna í gögnum málsins. Þar með féll ákvörðunin um að veita hið umþrætta lán *innan heimilda* stjórnarinnar. Við mat á því hvort ákærða hafi misnotað aðstöðu sína í skilningi 249. gr. hgl. er óhjákvæmilegt að líta til þess.
26. Félagisstjórn SPRON ákvað áhættustefnu sparisjóðsins og reisti skorður við áhættutöku starfsmanna með því að ákveða þeim heimildir og setja útlánnum mörk. Ákvarðanir sem að þessu lutu voru meðal verkefna félagsstjórnarinnar, sbr. 68. gr. laga nr. 2/1995, 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, 3. gr. leiðbeinandi tilmæla fjármálaeftirlitsins um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum nr. 1/2002 og reglur SPRON um framkvæmd starfa stjórnar og forstjóra (starfsreglur), sbr. bls. 479-489 í gögnum málsins, einkum 12., 13.

- og 20. gr. Það var því án vafa stjórnarinnar að meta hvað væri hæfileg áhætta fyrir sparisjóðinn, bæði almennt og (í undantekningartilvikum) í einstökum málum.
27. Útlánareglur SPRON, sem voru hluti af lánahandbók sparisjóðsins, liggja fyrir í gögnum málsins, sjá bls. 377-415. Þær voru samþykktar í félagsstjórn. Efni regnanna ber með sér að þeim hafi verið ætlað að mynda ramma um útlánastarfsemi innan sjóðsins og setja starfsmönnum sem fóru með útlánaheimildir mörk. Stjórn sparisjóðsins var á hinn bóginn ekki bundin af þeim ramma og reglurnar reistu ekki skorður við útlánaheimildum félagsstjórnar. Þannig réðust t.d. útlánamörk stjórnarinnar ekki af innri útlánareglum heldur einvörðungu af lögum og stjórnvaldsfyrirmælum fjármálaeftirlitsins, sbr. lokamálslið 4. mgr. greinar 1.2 (*markmið lánveitinga, lánastefna*), 1. mgr. greinar 1.8 (*lánaheimildir*) og 2. mgr. greinar 5.8 (*stjórn SPRON*). Þetta leiðir og af eðli málsins enda varð lánareglum breytt með ákvörðun stjórnar án þess að aukið atkvæðavægi þyrfti til. Með öðrum orðum, stjórn var heimilt að breyta útlánareglunum, og eftir atvikum víkja frá þeim, með sambærilegri ákvörðun og þurfti til að veita einstakt lán.
28. Ákærða telur að af framangreindu leiði að útlánareglum SPRON verði *ekki beitt* um ákvörðun um lánveitingu sem tekin er í stjórn sparisjóðsins. Með öðrum orðum að lögmæti tiltekinnar ráðstöfunar af hálfu félagsstjórnar geti *ekki* ráðist af því hvort ráðstöfunin samræmist reglum og takmörkunum sem stjórnin sjálf hefur samþykkt fyrir sparisjóðsstjóra og aðra starfsmenn sparisjóðsins. Er því brostin grundvallarforsenda fyrir málatilbúnaði ákærvaldsins á hendur ákærðu. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna hana.
29. Ákærða byggir á því *til vara* um þetta atriði að útlánareglurnar verði í besta falli hafðar *til hliðsjónar* við mat á því hvort ákvörðun sem tekin er í stjórn teljist forsvaranleg eða ekki. Eins og áður segir, og ólíkt því sem gilti um forstjóra og annað starfsfólk sparisjóðsins, mörkuðust heimildir félagsstjórnar af lögum, reglum og samþykktum sparisjóðsins. Vegna þeirrar stöðu félagsstjórnarinnar í stjórnskipulagi hlutafélags sem áður er lýst hníga veigamikil rök að því að játa ákvörðunarvaldi eða *viðskiptalegu mati* stjórnarinnar rúmum vikmörkum í þessu



sambandi. Við mat á því hvort ákærða hafi misnotað aðstöðu sína í skilningi 249. gr. hgl. er nauðsynlegt að horfa til þess.

### 5.2.3 Útlánareglur áttu ekki við um peningamarkaðslán

30. Af ákæru og skjölum málsins, sbr. t.d. af samningi um peningamarkaðslán á bls. 281 og yfirlitum á bls. 353 og 362-365, verður skýrt ráðið að ákærðu er, ásamt öðrum, gefið að sök að hafa veitt Exista „peningamarkaðslán“. Ákærða byggir á að útlánareglur SPRON hafi ekki átt við um slík lán. Útlánareglur sparisjóðsins hafi því ekki átt við um þá tilteknu tegund lánveitinga sem hér um ræðir. Þetta hefur verulega þýðingu því ekki verður hjá því komist við úrlausn málsins að líta til *eðlis* peningamarkaðslána og þeirra *venja* sem skapast hafa í viðskiptum um þau.
31. Peningamarkaðslán voru nátengd viðskiptum á millibankamarkaði sem áttu sér stað á grundvelli reglna Seðlabanka Íslands nr. 177/2000, sbr. nú reglur nr. 805/2009. Í grunninn gerði millibankamarkaðurinn fjármálafyrirtækjum kleift að stýra lausafjárstöðu sinni með skammtíma inn- eða útlánum. Fyrirtæki sem bjuggu yfir lausu fé umfram þörf til eigin rekstrar áttu þess kost að ávaxta féð, á meðan önnur sem fjár var vant áttu greiðan aðgang að skammtímafyrirgreiðslu. Millibankamarkaðurinn var aðeins aðgengilegur fjármálafyrirtækjum sem uppfylltu ákveðin skilyrði. Þörf fyrir skammtíma viðskipti með laust fé náði hins vegar til rýmri hóps og óformlegur markaður fyrir peningamarkaðslán varð til með aðild stórra og fjársterkra aðila, svo sem lífeyrissjóða, verðbréfasjóða og nokkurra af stærstu fyrirtækjum landsins, þ.á m. Exista. Samningar um peningamarkaðslán voru að jafnaði óformbundnir og gerðir með litlum fyrirvara. Þeir urðu gjarnan til í samskiptum manna í gegnum síma eða með tölvupósti eða öðrum rafrænum miðlum sem síðar voru staðfest skriflega. Ekki tíðkaðist að taka sérstakar tryggingar vegna peningamarkaðslána enda voru þau jafnan veitt til skamms tíma og til fyrirtækja með traustan efnahag. Peningamarkaðslán lutu samkvæmt þessu allt öðrum lögmálum en hefðbundin útlán.
32. Af útlánareglum SPRON má glöggst ráða að þær miðast við *útlán* til viðskiptavina. Í reglum er hins vegar hvergi að finna skírskotanir til *peningamarkaðslána*. Einstök ákvæði útlánareglanna sem til að mynda lýsa ákvarðanatöku við lánveitingar, heimildum starfsmanna, skipulagi og verkaskiptingu í útlánaferlinu,

skjalagerð, skráningu í kerfi og eftirliti með útlánnum, verða illa eða alls ekki heimfærð á lánveitingar á peningamarkaði. Lánveitingar og lántökur SPRON á peningamarkaði miðuðu að því að stýra lausafjárstöðu sparisjóðsins. Slíkar ráðstafanir voru á sviði fjárstýringar en töldust ekki til eiginlegrar útlánastarfsemi. Ákvarðanir um peningamarkaðslán voru því almennt teknar hjá fjárstýringu, sbr. bréf Dróma hf. (áður SPRON) til sérstaks saksóknara, dags. 26. september 2013, á fskj. 2, en ekki af forstjóra eða innan lánanefnda. Það er skilningur ákærðu að fyrir þeim hafi *aldrei verið settar tryggingar* og að útlánareglum SPRON hafi *aldrei í framkvæmd verið fylgt* við slíkar lánveitingar. Það hafði t.d. ekki verið gert í tengslum við fyrri peningamarkaðslán til Exista, sjá yfirlit á bls. 344 í gögnum málsins.

33. Samkvæmt þessu má telja hafið yfir allan vafa að fyrirkomulag peningamarkaðslánveitinga hafi verið allt annað en fyrirkomulag hefðbundinna útlána hjá SPRON. Telja verður sannað að útlánareglur SPRON hafi ekki átt við um ráðstöfun fjármuna í formi peningamarkaðslána. Útlánareglurnar verða því ekki notaðar sem mælikvarði á lögmæti slíkra lánveitinga. Af þeirri ástæðu einnig áttu reglurnar ekki við um ákvörðun félagsstjórnar SPRON um að heimila það að Exista yrði veitt peningamarkaðslán í september 2008.

#### 5.2.4 Ekki brotið gegn ákvæðum útlánareglna

34. Vilji svo ólíklega til að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, þrátt fyrir þau sjónarmið sem rakin eru í næstu köflum hér á undan, að útlánareglur SPRON hafi átt við um hina umþrættu lánveitingu, er á því byggt af hálfu ákærðu að ákvörðun um að veita peningamarkaðslán til Exista hafi fyllilega samrýmst ákvæðum útlánareglanna.
35. Í ákæruskjali er lögð rík áhersla á að gerðar séu strangar kröfur til trygginga í lánareglum SPRON. Segir þar að meginreglan sé sú „að taka skuli tryggingar en frá því þröngar undanþágur leiði ítarleg könnun í ljós að staða fyrirtækisins sem lána á sé það góð að ekki þurfi að taka tryggingar. Er þá ljóst að fyrir því þurfi, hverju sinni, skýr og haldbær rök.“

36. Ákærða hafnar þessari túlkun á útlánareglum SPRON. Framsetningin helgast sýnilega af þeim tilgangi ákærvaldsins að skjóta stoðum undir eigin málatilbúnað. Töluvert skortir á hún gefi hlutlausa og sanngjarna mynd af efni þeirra reglna sem vísað er til. Í því sambandi skal á það bent að ákærvaldið hefur sjálft lagt reglunum til gildishlaðnar viðbætur í formi orða og orðasambanda eins og „strangar kröfur“, „þröngar undanþágur“, „ítarleg könnun“, „skýr og haldbær rök“ o.s.frv. Óþarft er að orðlengja um takmarkaða þýðingu þessara viðbóta.
37. Að mati ákærðu er aðalatriðið hér að lánareglur SPRON gera *ekki* fortakslaust kröfu um að teknar séu tryggingar fyrir lánum, sbr. t.d. grein 3.2 (*lán án sérstakra trygginga til einstaklinga*) og grein 3.3 (*lán án sérstakra trygginga til fyrirtækja*). Um það verður ekki deilt. Aldrei tíðkaðist að lán á peningamarkaði væru veitt gegn tryggingum líkt og áður greinir. Það var einfaldlega ekki eðli slíkra lána sem veitt voru með skömmum fyrirvara, til skamms tíma, á milli fjárhagslega sterkra fyrirtækja.
38. Ákærða bendir ennfremur á að á þeim tíma sem lánið var veitt námu heildarskuldir Exista 4,3 milljörðum evra, sbr. dskj. 17 [F]. Í málgögnum er takmarkaðar upplýsingar að finna um þessar lántökur aðrar en þær sem birtast í reikningsskilum félagsins. Þó má ráða af tilkynningu Exista í Kauphöll frá 5. ágúst 2009, sbr. fskj. 1, að fjármögnun félagsins hafi frá árinu 2007 almennt farið fram án veðtrygginga í eignum þess. Tugir alþjóðlegra og innlendra banka hafi þannig veitt félaginu lán án veðtrygginga. Ákærðu grunar að það stafi m.a. af kvöðum í lánasamningum félagsins sem beinlínis hafi bannað veðsetningu eigna þess til að tryggja jafnræði kröfuhafa (*pari passu*). Gerir ákærða ráð fyrir að fjármagnsuppbygging Exista hafi að þessu leytnu til verið sambærileg við fjármagnsuppbyggingu margra annarra stórfyrirtækja sem nutu lánafyrirgreiðslu í formi sambankalána. Í ljósi þess að fjármögnun Exista var samkvæmt þessu nánast að öllu leyti ótryggð og félaginu að öllum líkindum óheimilt samkvæmt samningum við lánardrottna sína að taka lán gegn veðum kemur það ákærðu óneitanlega nokkuð á óvart að ákærvaldið skuli leitast við að gera það tortryggilegt að Exista hafi fengið lán frá SPRON án trygginga.

39. Með vísan til framangreinds sýnist ákærðu sem tillit til trygginga geti ekki ráðið úrslitum við mat á því hvort brotið hafi verið gegn tilteknum varúðarákvæðum í útlánareglum SPRON og hvort umrædd lánveiting hafi verið forsvaranleg. Niðurstaða hljóti frekar að ráðast af fyrirliggjandi upplýsingum um „fjárhagsstöðu, greiðslugetu og viðskiptasögu“ Exista þegar lánið var veitt, sbr. til hliðsjónar 3. mgr. greinar 1.2 í útlánareglum SPRON, og mati stjórnarinnar á þeim. Verður næst vikið að þessu.

#### **5.2.5 Fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsstöðu Exista lágu til grundvallar þegar ákvörðun um lánið var tekin og mat stjórnar á þeim var forsvaranlegt**

40. Spurning er hvort fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsstöðu, greiðslugetu og viðskiptasögu Exista hafi legið til grundvallar þegar ákvörðun félagsstjórnar um lánið var tekin og ennfremur hvort mat stjórnar á þessum upplýsingum hafi verið forsvaranlegt. Ákærða lítur svo á að svör við þessu hafi grundvallarþýðingu við úrlausn málsins. Að nokkrum atriðum er að huga í því sambandi:
- Í fyrsta lagi upplýsingum um fjárhagsstöðu Exista sem lágu fyrir eða voru þekktar þegar ákvörðun um lánið var tekin.
  - Í öðru lagi sérstakri þekkingu innan stjórnar og meðal starfsmanna SPRON á fjárhagsstöðu Exista.
  - Í þriðja lagi lánasögu Exista hjá SPRON.
  - Í fjórða lagi þýðingu þess að hlutabréf Exista voru skráð í kauphöll.
  - Í fimmta lagi viðskiptum með hlutabréf Exista í kauphöll og mat fjárfesta á verðmæti þeirra.

#### **A. Fyrirliggjandi upplýsingar og vísendingar um fjárhagsstöðu Exista**

41. Meðal gagna málsins er árshlutareikningur Exista fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní það ár, sbr. dskj. 17 [B], og árshlutaskýrsla fyrir sama tímabil, sbr. bls. 332-

341, hvoru tveggja dags. 31. júlí 2008. Eftirfarandi fjárhagsupplýsingar hafa einkum þýðingu fyrir úrlausn málsins:

- Heildareignir félagsins við lok tímabilsins námu 6,9 milljörðum evra (868 milljarðar króna).
- Heildarskuldir félagsins við lok tímabilsins námu 4,6 milljörðum evra (582 milljarðar króna).
- Eigið fé nam 2,3 milljörðum evra (286 milljarðar króna).
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 37% að teknu tilliti til víkjandi skuldabréfa.
- Handbært fé nam 303,4 milljónum evra (38 milljarðar króna) og tekið fram að félagið hefði tryggt lausafé til að mæta endurfjármögnunarpörf fram í desember 2009.

42. Nánar sagði þetta um fjármögnun félagsins og lausafjárstöðu í árshlutaskýrslunni:

„Hinn 30. júní hafði félagið tryggt lausafé til að mæta endurfjármögnun til næstu 76 vikna. Samstæðan hafði því lausafé til að standast skuldbindingar sem falla á gjalddaga fram til desember 2009. Tryggt lausafé telst reiðufé, samningstryggðar lánalínur og verðbréf hæf til endurhverfra viðskipta. Með tryggu lausafé eru ekki talin önnur auðseljanleg verðbréf, tekjur af tryggingarekstri og eignaleigustarfsemi, né væntanlegar arðgreiðslur. Tryggt lausafé í lok janúar 2008 var samsett af 33% handbæru fé, 51% tryggðum lánalínum og 16% veðhæfum verðbréfum. Á fyrstu sex mánuðum ársins hafa lántökur lækkað um 1,0 milljarð evra, eða um 19%.“ (Undirstrikun ÓP.)

43. Undir árshlutareikninginn rita sjö stjórnarmenn Exista og tveir forstjórar (framkvæmdastjórar) félagsins. Reikningsskilin eru könnuð af Deloitte hf. og undirrituð án fyrirvara.

44. Ákærða minnir á að hið umþrætta lán nam tveimur milljörðum króna og það var veitt til skamms tíma. Fjárhæð lánsins var því 0,34% af heildarskuldum Exista, 0,7% af eigin fé og 5% af handbæru fé miðað við síðustu reikningsskil félagsins. Þá virtist endurgreiðsla lánsins að fjórum vikum liðnum tryggð með því að Exista hefði laust fé til að mæta samningsbundnum endurgreiðslum lána í 76 vikur.

45. Þegar lánið var veitt höfðu engar vísbendingar komið fram um að fjárhagsstaða Exista hafi versnað verulega á þeim tíma sem liðinn var frá uppgjörsdegi. Ítarleg

skoðun á fréttum frá þessum tíma hefur ekki leitt neitt slíkt í ljós. Félagið hafði ekki verið sett á athugunarlista kauphallar. Engar tilkynningar höfðu verið birtar í kauphöll um neikvæð atvik eða aðstæður sem kynnu að hafa verðmyndandi áhrif, sbr. nánar um þýðingu þess síðar, auk þess sem verð hlutabréfa félagsins, sem farið hafði úr 6,96 krónum á hlut í 6,54 krónur á hlut, sbr. dskj. 17 [H], gaf ekki tilefni til að draga slíkar ályktanir. Reikningsskil félagsins voru í evrum en gengi krónu gagnvart evru hafði veikst á tímabilinu. (Miðgengi evru í markaðsupplýsingakerfi Seðlabanka Íslands hafði farið úr 125,66 1. júlí 2008 í 145,49 30. september 2008.)

46. Þá skipti máli að innan SPRON var fylgst nákvæmlega með rekstri og stöðu undirliggjandi eigna. Enda kom á daginn þegar reikningsskil Exista fyrir þriðja ársfjórðung 2008 lágu fyrir að breytingarnar á fjárhagsstöðu félagsins voru ekki verulegar: eigið fé reyndist hinn 30. september 2008 nema tveimur milljörðum evra eða u.þ.b. 290 milljörðum í krónum talið miðað við gengi þess dags, eiginfjárlutfall félagsins var 35,9%, handbært fé nam 288 milljónum evra og lausafé var tryggt til að mæta endurfjármögnun í 51 viku, sbr. dskj. 17 [G] og nánari umfjöllun í kafla 5.3.3.
47. Til þess er einnig að líta að eignasafn Exista var vel dreift. Þannig átti félagið meðal annars íslensku váttryggingafélögin Váttryggingafélag Íslands hf. og Líftryggingafélag Íslands hf., eignaleigufyrirtækið Lýsingu hf., stóran hlut í Sampo Group plc., finnskum váttryggingarisa, stóran hlut í Storebrand ASA, norski fjármálasamsteypu, stóran hlut í Kaupþingi banka hf., ráðandi hlut í Bakkavör Group hf. og 100% hlut í Skiptum hf. Þrátt fyrir verulegar sviptingar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum á þessum tíma þótti undirliggjandi rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага traustur og hið sama átti við um aðrar helstu eignir félagsins.
48. Ákærða byggir á að framangreindar fjárhagsupplýsingar sem voru opinberar þegar hin umþrætta ákvörðun var tekin hafi ekki falið í sér vísbendingar um yfirvofandi greiðsluþrot Exista. Þvert á móti, upplýsingarnar báru skýr merki um afar traustan efnahag og sterka lausafjárstöðu félagsins. Líkur á því að lánið, sem var óverulegt í hlutfalli við efnahag Exista og var veitt til skamms tíma, fengist ekki endurgreitt voru óraunhæfar.

B. Sérstök þekking á málefnum Exista

49. Innan SPRON var sérstök þekking á málefnum Exista. Stjórnarformaður sparisjóðsins, Erlendur Hjaltason, var annar af forstjórum Exista. Sparisjóðsstjórinn, meðákærði Guðmundur Örn Hauksson, sat í stjórn Exista. Báðir þessir menn skrifuðu undir reikningsskil félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008. Þá hafði sparisjóðurinn um langt skeið átt umtalsverðra hagsmuna að gæta í Exista, beint og í gegnum eignarhlut í Kistu fjárfestingafélagi hf. Þessir hagsmunir gáfu starfsmönnum sparisjóðsins, einkum sparisjóðsstjóranum sem bar ábyrgð á daglegum rekstri, tilefni til að fylgjast náið með stöðu félagsins á hverjum tíma. Sjá hér t.d. minnisblað SPRON til stjórnar Kistu fjárfestingafélags hf., dags. 7. janúar 2008, á bls. 345-348 í gögnum málsins.
50. Gögn málsins sýna að starfsmann sparisjóðsins hafi talið markaðsverðmæti hlutabréfa Exista stórkostlega vanmetið á þessum tíma, sbr. t.d. tölvupóst Jóns Halls Péturssonar, framkvæmdastjóra SPRON verðbréfa, til meðákærða Guðmundar Arnar Haukssonar, sparisjóðsstjóra, frá 2. október 2008, sjá bls. 342-343. Í efnislínu tölvupóstsins stendur „Verðmæti EXISTA“. Í póstinum segir orðrétt:
- „Ég setti inn í verðmatmódelið hjá mér stöðu EXISTA miðað við eignir á markaðsverði.. Núverandi gengi 4,63 svarar til 60% af upplausnarvirði. Miðað við núverandi markaðsverðmæti eigna í eðlilegu árferð, þá ætti gengið að vera 10. JHP“
51. Framangreint hefur verulega þýðingu. Sérstök þekking innan SPRON á málefnum Exista gaf ákærðu fulla ástæðu til að ætla að stjórnarformaður sparisjóðsins, sparisjóðsstjórinn, og eftir atvikum aðrir starfsmenn sparisjóðsins, myndu vekja athygli á því ef staða Exista væri slík að sérstakt tilefni væri til að efast um hæfi félagsins til að endurgreiða hið umþrætta lán. Það var ekki gert. Engu skiptir í þessu sambandi að sparisjóðsstjórinn hafi ekki formlega tekið ákvörðunina og stjórnarformaðurinn hafi, eftir að hafa tekið þátt í umræðum um málið og svarað spurningum, vikið sæti. Er engum vafa undirorpið að báðum hefði þeim verið skylt að gera stjórninni grein fyrir því hefði sú verið raunin að þeir byggju yfir upplýsingum sem máli skiptu við mat á greiðsluhæfi Exista en stjórninni var ekki kunnugt um. Hið sama á eftir atvikum við um annað starfsfólk SPRON. Ákærða hafði fullt tilefni til að ætla að ákvörðun um lánið væri tekin á grundvelli bestu



fáanlegra upplýsinga. Ávirðingar í ákæruskjali um að ekki hafi farið fram mat á stöðu Exista og greiðslugetu þess fá því ekki staðist. Staðreyndin er sú að fyrirliggjandi upplýsingar um Exista og þekking á málefnum félagsins voru í raun miklu betri en útlánareglur gera ráð fyrir þegar teknar eru ákvarðanir um hefðbundin útlán.

#### C. Lánasaga Exista

52. Á bls. 344 í gögnum málsins gefur að líta yfirlit yfir peningamarkaðs-lánafyrirgreiðslur SPRON til Exista á árinu 2008. Af yfirlitinu má ráða að hinn 7. apríl 2008 veitti SPRON Exista lán að fjárhæð 1 milljarður króna sem endurgreitt var hinn 14. sama mánaðar; hinn 28. maí 2008 veitti SPRON Exista lán að fjárhæð 1,5 milljarðar króna sem var framlengt í þrígang og endurgreitt hinn 11. júní 2008; og hinn 20. ágúst 2008 veitti SPRON Exista lán að fjárhæð 1 milljarður króna sem var framlengt í þrígang og endurgreitt hinn 17. september 2008. Er samkvæmt þessu ljóst að lánasaga Exista hjá SPRON gaf ákærðu ekki sérstakt tilefni til að efast um greiðsluhæfi félagsins. Þvert á móti, hin umþrætta lánveiting var í eðli sínu ekkert frábrugðin öðrum lánveitingum af sama toga sem ítrekað höfðu átt sér stað fyrr á árinu og fengist endurgreiddar. Við úrlausn málsins ber að hafa það í huga.

#### D. Þýðing þess að hlutabréf Exista voru skráð í kauphöll

53. Þegar lánið var veitt var Exista skráð í kauphöll Nasdaq OMX Iceland hf. (kauphöllin). Félagið hafði því ríkar upplýsingaskyldur samkvæmt þágildandi lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglum kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga (útg. 1. nóvember 2007). Í því fólst meðal annars skylda félagsins til að birta *reglulega* ársreikning og árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, sbr. 57. og 58. gr. laga nr. 108/2007, og skylda til að birta *tafarlaust* upplýsingar um atvik í rekstri félagsins sem líklegar voru til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfanna ef opinberar væru, sbr. 122. gr. sömu laga. Upplýsingaskylda gat og vaknað við það að verulegar breytingar yrðu á fjárhagsstöðu milli uppgjörstímabila, sbr. grein 2.12 í reglum kauphallarinnar.



54. Fjármálaeftirlit fór lögum samkvæmt með *eftirlit* með því að kröfur um upplýsingaskyldu á markaði væru uppfylltar, sbr. XIV. kafli laga nr. 108/2007, en jafnframt hafði kauphöllin þar samningsbundnu hlutverki að gegna, sbr. grein 8.3 í reglum kauphallarinnar. Auk samningsbundinna viðurlaga kauphallarinnar gat brot gegn upplýsingaskyldu varðað stjórnvaldssektum og eftir atvikum sektum eða fangelsi þeirra einstaklinga sem í hlut áttu, sbr. XV. kafli laga nr. 108/2007.
55. Með vísan til ofangreinds byggir ákærða á að hún og aðrir stjórnarmenn í SPRON hafi *mátt treysta því að opinberar upplýsingar um fjárhagslega stöðu Exista væru réttar og á þeim byggjandi*. Er óhætt að ganga út frá því að opinberar upplýsingar um fjárhag og rekstur Exista hafi verið miklum mun betri en almennt var um lántaka SPRON á þessum tíma en þeir voru sjaldnast kauphallarskráð félög.

E. Staða Exista á hlutabréfamarkaði

56. Eins og áður segir voru hlutabréf Exista skráð í kauphöll. Umtalsverð viðskipti voru með hlutabréf félagsins á þessum tíma og nam heildarveltan í september 2008 4,855 milljörðum króna. Dagslokaverð hlutabréfa félagsins hinn 29. september 2008, daginn áður en hin umþrætta lánveiting átti sér stað, var 6,54 krónur á hlut. Markaðsvirði hlutabréfa Exista við lok þess dags námu tæplega 93 milljörðum króna. Um þetta vísast til dskj. 17 [H]. Samkvæmt þessu var það mat fjárfesta á markaði, sem lögum samkvæmt höfðu upplýsingar um öll atriði sem til þess voru fallin að hafa marktæk áhrif á verð hlutabréfa félagsins, að eignir Exista stæðu ekki aðeins undir skuldum heldur næmi viðbótarverðmæti undirliggjandi eignasafns og rekstrar mörgum tugum milljarða króna. Af þessu má ráða að „markaðurinn“ hafi ekki metið fjárhagsstöðu Exista þannig að verulegar líkur væru á greiðslubroti félagsins.

F. Niðurstaða

57. Í ákæruskjali er fundið að því að ekki hafi farið fram „mat á stöðu Existu og greiðslugetu, þrátt fyrir að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst að eignir þess höfðu fallið mikið í verði á mörkuðum auk þess sem gengi hlutabréfa í Existu hafði fallið mjög á mörkuðum.“ Að mati ákærðu fær þessi fullyrðing ekki staðist. Óljósar og

órokstuddar tilvísanir til verðfalls eigna á „mörkuðum“ og þróun gengis hlutabréfa í Exista geta ekki talist viðunandi grundvöllur þeirra ávirðinga sem á ákærðu eru bornar. Verðmæti hlutabréfa Exista var þvert á móti til merkis um fjárhagslegan styrkleika og fjarlæggar líkur á greiðslufalli.

58. Í ljósi þess sem rakið er hér að ofan sýnist ákærðu blasa við að þegar hin umdeilda ákvörðun var tekin hafi stjórnin búið yfir fullnægjandi upplýsingum um fjárhagslega stöðu Exista. Þessar upplýsingar fólu heldur ekki í sér neinar vísbendingar um yfirvofandi greiðslubrot félagsins heldur báru þær skýr merki um traustan efnahag og sterka lausafjárstöðu þess. Stjórn sparisjóðsins mátti treysta því að umræddar upplýsingar væru réttar enda kom síðar í ljós að sú var raunin, sbr. nánar það sem rakið verður í kafla 5.3.3. Þessu til viðbótar naut stjórnin góðs af sérstakri þekkingu starfsmanna sparisjóðsins á málefnum Exista. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að mat stjórnar á fjárhagsupplýsingum um Exista eða tillit til ytri aðstæðna hafi verið óforsvaranlegt.

#### 5.2.6 Samantekt og niðurstaða

59. Ákvæði 249. gr. alm. hgl. um umboðssvik hefur þann megintilgang að tryggja að sá, sem hefur fjárreiður annarra á hendi, taki fjárhagslegar ákvarðanir með hagsmuni umbjóðanda síns, en ekki annarra, að leiðarljósi. Það er grundvallareinkenni umboðssvika að gerandinn bregst trausti og trúnaði þess sem veitt hefur honum umboð, heimild eða aðra aðstöðu til einstakra fjárhagsráðstafana. Misnotkun umboðsmanns á aðstöðu gagnvart umbjóðanda sínum felur því í sér *trúnaðarbrot* þeirra í millum. Aðstaða verður aðeins talin misnotuð í merkingu 249. gr. hgl. ef misnotkunin telst *ólögmæt*. Sérhvert frávik frá heimildum verður ekki talin misnotkun í þessum skilningi og sú hugmynd ríkjandi að mörk skilyrðisins liggja nærri „verulegri misnotkun“.
60. Með vísan til alls þess sem að ofan er rakið verður í fyrsta lagi ráðið að ákvörðun stjórnar SPRON, sem fór með æðsta valdið í málefnum sparisjóðsins á milli hluthafafunda, um að veita peningamarkaðslán til Exista til skamms tíma rúmaðist fyllilega innan þeirra heimilda sem stjórninni var markaður í lögum, reglum og samþykktum sparisjóðsins. Í öðru lagi að útlánareglum SPRON verður ekki beitt um ákvarðanir stjórnarinnar enda reglurnar samþykktar af stjórninni sjálfri sem

fór með það lögbundna hlutverk að ákveða hvaða áhættur væru ásættanlegar í rekstri sparisjóðsins, eftir atvikum í einstökum málum. Í þriðja lagi að útlánareglur SPRON áttu hvorki samkvæmt efni sínu við um peningamarkaðslán né hafði þeim í framkvæmd verið beitt við slíkar lánveitingar í rekstri sparisjóðsins. Í fjórða lagi að af útlánareglum SPRON verði ekki ráðin fortakslaus krafa um að lán skyldu aðeins veitt gegn tryggingum. Tryggingapörf réðist einfaldlega af fjárhagslegum styrk lántakans. Í fimmta lagi að ákvörðun félagsstjórnar um hið umþrætta peningamarkaðslán var tekin á grundvelli bestu mögulegu upplýsinga og sérstakrar þekkingar innan stjórnar og meðal starfsmanna sparisjóðsins á málefnum Exista. Þessar upplýsingar fólu ekki í sér vísbendingar um yfirvofandi greiðsluþrot félagsins heldur báru þær skýr merki um traustan efnahag og sterka lausafjárstöðu. Í málatilbúnaði ákærvaldsins er ekki að finna eina einustu haldbæra vísbendingu um annað.

61. Af þessu leiðir að ákærða fór ekki út fyrir umboð sitt í störfum fyrir SPRON umrætt sinn. Ákvörðun hennar endurspeglar einfaldlega *viðskiptalegt mat* í því tiltekna máli sem borið var undir stjórn sparisjóðsins. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að ákvörðunin hafi verið óforsvaranleg. Í því sambandi ber og að hafa í huga að hvorki ákærða né nokkur sem henni tengist hafði persónulegra hagsmuna að gæta af lánveitingunni. Í ljósi alls framangreinds verður ekki talið að ákærða hafi gerst sek um misnotkun á aðstöðu í skilningi 249. gr. alm. hgl. Ákærðu ber því að sýkna af öllum sakargiftum.

### 5.3 Veruleg fjártjónshætta. Auðgunarásætningur

#### 5.3.1 Afmörkun

62. Í ákæruskjali er þeirri afstöðu lýst að veruleg fjártjónshætta hafi falist í veitingu lánsins. Um gríðarlega hátt lán hafi verið að ræða, sérstaklega miðað við stærð sparisjóðsins, á tíma þegar lausafjárþurrð var hjá fjármálafyrirtækjum og mikil óvissa á hlutafjármörkuðum. Ákærðu hafi hlotið að vera ljós sú verulega fjártjónshætta sem í lánveitingunni fólst, án trygginga. Ákærða hafnar þessari framsetningu. Staðreyndin er sú að fullyrðingar ákærvaldsins, sem efnislega fela í sér að ákærða hafi mátt sjá greiðsluþrot Exista fyrir, eru alls órökstuddar og grundvallast ekki á neinum haldbærum gögnum eða röksemdum. Þær

endurspegla viðhorf þess sem er vitur eftir á. Slíkt viðhorf ber að forðast því mat á refsínæmi lánveitingarinnar einskorðast við stöðu mála á þeim tíma sem ákvörðun um lánið var tekin.

63. Sérhverri lánveitingu fylgir áhætta, stundum veruleg. Lánastarfsemi er því áhættusöm í eðli sínu. Þegar reynir á umboðssvik vegna lánveitinga sem eiga sér stað í lánastarfsemi ber af þeim sökum að túlka skilyrðið um verulega fjáртjónshættu þannig að í því felist krafa um að áhættan sem af láni hlýst sé *verulega meiri* en gera mátti ráð fyrir í rekstri viðkomandi fyrirtækis. Við mat á því verður annars vegar að horfa til þeirrar áhættustefnu sem mörkuð er innan viðkomandi fjármálafyrirtækis og birtist m.a. í *útlánaheimildum og áhættumörkum* fyrir einstaka lántaka og hins vegar af þáttum sem varða *hæfi lántakandans til að endurgreiða lánið* (og eftir atvikum þær tryggingar sem standa láni til fullnustu ef slíkum er til að dreifa). Um heimildir félagsstjórnar er fjallað í kafla 5.2.2 hér að ofan. Eftir stendur þá að fjalla um *áhættumörk* annars vegar og *hæfi Exista til að endurgreiða lánið* hins vegar.

### 5.3.2 Lán innan áhættumarka

64. Lánastefna SPRON birtist í útlánareglum sparisjóðsins. Þar gaf að líta ýmsar reglur sem reistu útlánnum skorður. Hér má nefna takmarkanir á samþjöppun skuldbindinga innan einnar atvinnugreinar en þær miðuðust við að 30% af heildarkröfum sparisjóðsins, sbr. 4. mgr. greinar 1.2. Ennfremur voru takmarkanir á stærð einstakra útlána sem hlutfall af eiginfjárgrunni sparisjóðsins en þær miðuðust við 20-25% af áhættuvegnu eigin fé sparisjóðsins og réttarreglur um stórar áhættur, sbr. 4. mgr. greinar 1.2 og grein 5.8. Þá voru takmarkanir á heildarskuldbindingum stærstu skuldara sparisjóðsins en þær miðuðust við fjórfalt eigin fé sparisjóðsins, sbr. 4. mgr. greinar 1.2. Loks voru takmarkanir á útlánaheimildum starfsmanna, lánanefndar og sparisjóðsstjóra, sbr. grein 5.10. Félagsstjórn fór með viðtækastar heimildir og tók ákvarðanir um lán ef heildarskuldbinding lántakanda var umfram 10% af eiginfjárgrunni, sbr. 2. mgr. greinar 5.8. Um takmarkanir á lánamörkum stjórnarinnar var í sömu grein vísað til reglna fjármálaeftirlitsins nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar, sbr. einnig 1. mgr. greinar 1.8. Mörk stjórnarinnar fóru því saman við hin lagalegu takmörk og voru þannig 25% af eiginfjárgrunni.

65. Í framangreindu fólst almennt mat stjórnar SPRON á því hvað teldist forsvaranleg áhætta fyrir sparisjóðinn. Ekki hefur verið gert líklegt af hálfu ákærvaldsins að lánveitingin hafi farið í bága við einhverja af þessum reglum. Í því sambandi skal sérstaklega minnt á að fyrir liggur að fjárhagsleg áhætta SPRON á Exista fór í u.þ.b. 20% af eiginfjárgrunni. Lánveitingin rúmaðist því fyllilega innan þeirra 25% áhættumarka sem giltu fyrir félagsstjórn SPRON. Af þessu leiðir að mati ákærðu að ósannað sé að brotið hafi verið í bága við þá áhættustefnu sem mörkuð hafði verið fyrir SPRON og talin var viðunandi innan sparisjóðsins.

### 5.3.3 Fjárhagsstaða Exista

66. Í kafla 5.2.5 A hér að ofan er vikið að vísendingum og upplýsingum um fjárhagsstöðu Exista, *sem lágu fyrir eða voru þekktar hinn 30. september 2008*, þ.e. á þeim tíma sem lánið var veitt. Eins og þar segir báru þessar upplýsingar og vísendingar skýr merki um traustan efnahag og sterka lausafjárstöðu félagsins. Hinn 27. nóvember 2008 voru hins vegar samþykktur og birtur árshlutareikningur Exista fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september það ár, og árshlutaskýrsla fyrir sama tímabil, sbr. dskj. 17 [F] og 17 [G]. Árshlutareikningurinn er án nokkurs vafa *besta heimildin um fjárhagsstöðu Exista daginn sem lánið var veitt*. Eftirfarandi upplýsingar úr reikningsskilunum hafa einkum þýðingu fyrir úrlausn málsins:

- Heildareignir félagsins námu 6,3 milljörðum evra í lok september (u.þ.b. 913 milljörðum króna).
- Heildarskuldir félagsins námu 4,3 milljörðum evra í lok september (u.þ.b. 623 milljörðum króna).
- Eigið fé nam 2,0 milljörðum evra í lok september (u.þ.b. 290 milljörðum króna).
- Eiginfjárlutfall var 36% að teknu tilliti til víkjandi skuldabréfa í lok september.
- Handbært fé nam 288 milljónum evra í lok september (u.þ.b. 42 milljörðum króna).

67. Í árshlutaskýrslunni sagði m.a. þetta um fjármögnun Exista og lausafjárstöðu félagsins:

„Hinn 30. september hafði Exista tryggt lausafé til að mæta endurfjármögnun til næstu 51 viku. Samstæðan hafði því lausafé til að standast skuldbindingar sem falla á gjalddaga fram til loka þriðja ársfjórðungs 2009. Tryggt lausafé telst reiðufé og samningstryggðar lánalínur. Með tryggu lausafé eru ekki talin önnur auðseljanleg verðbréf, tekjur af tryggingarekstri og eignaleigustarfsemi, né væntanlegar arðgreiðslur. Tryggt lausafé í lok september 2008 var samsett af 51% handbæru fé og 49% trygðum lánalínum.“ (Undirstrikun ÓP.)

68. Undir árshlutareikninginn rita sjö stjórnarmenn Exista og tveir forstjórar (framkvæmdastjórar) félagsins. Reikningsskilin eru könnuð af Deloitte hf. en undirrituð með fyrirvara um rekstrarhæfi félagsins *vegna atvika sem áttu sér stað eftir 30. september 2008*, þ.e. þann dag sem reikningsskilin miðast við. Sjá skýringu 26 við árshlutareikninginn. Í áritun endurskoðandans segir m.a.:

„Based on our review, with the exception of the matter described in the preceding paragraph [(fyrirvari um rekstrarhæfi vegna atvika eftir reikningsskiladag)], *nothing has come to our attention that causes us to believe that the accompanying interim financial information does not give a true and fair view of the financial position of the entity as at 30 September 2008*, and of its financial performance and its cash flows for the nine month period then ended in accordance with International Financial Reporting Standards as adopted by the EU.“ (Undirstrikun ÓP.)

69. Samkvæmt framangreindu verður varla um það deilt að fjárhagsstaða Exista hinn 30. september 2008 hafi í raun verið afar sterk; efnahagur félagsins var traustur og lausafjárstaða góð. Af því leiðir að ekki aðeins hafi þær upplýsingar og vísbendingar sem fyrir lágu um fjárhagslegan styrk Exista þegar ákærða ásamt öðrum í stjórn SPRON tók ákvörðun um hina umþrættu lánveitingu borið merki um traustan efnahag og sterka lausafjárstöðu félagsins heldur hafi þær upplýsingar og vísbendingar endurspeglad *raunverulega fjárhagsstöðu* Exista á þessum tíma. Um það eru gögn málsins ótvíræð.

70. Ástæða er til að vekja athygli á að ákærvaldið lagði ekki fram árshlutareikning Exista fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2008 þótt sá reikningur sé án nokkurs vafa besta heimildin um fjárhagsstöðu félagsins og greiðsluhæfi þann dag sem lánið var veitt. Það er óskiljanlegt að mati ákærðu og brot gegn

hlutlægnisskyldu samkvæmt 3. mgr. 18. gr. og 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Slík vinnubrögð ber að átelja.

#### 5.3.4 Líkur á greiðslufalli „hverfandi“. Sérfræðimat

71. Undir rekstri málsins aflaði verjandi ákærðu sérfræðimats dr. Hersis Sigurgeirssonar, dósents í fjármálum við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, á líkum þess að greiðslufall yrði á ótryggðu peningamarkaðsláni SPRON til Exista að fjárhæð krónur tveir milljarðar sem veitt var þann dag og skyldi endurgreitt mánuði síðar eða hinn 31. október sama ár. Jafnframt var þess farið á leit að gerður yrði samanburður á greiðslufallslíkum vegna lánsins til Exista annars vegar og greiðslufallslíkum sambærilegs láns sem veitt hefði verið á sama tíma til Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. eða Landsbanka Íslands hf. hins vegar.
72. Dr. Hersir beitir þremur viðurkenndum aðferðum við að leggja mat á líkur þess að greiðslufall yrði af láninu. Aðferðirnar eru svokallað Z<sup>''</sup>-skor Altmans, aðferð sem kennd er við Beaver, McNichols og Rhie (BMR) og loks líkan Mertons. Við matið er tekið mið af fjárhagslegri stöðu Exista hinn 30. september 2008 eins og hún birtist í reikningssskilum félagsins og/eða upplýsingum um markaðsverðmæti hlutabréfa þess. Niðurstöðurnar dr. Hersis eru teknar saman í eftirfarandi töflu:

Aðferð	Niðurstaða miðað við opinberar upplýsingar 30. september	Niðurstaða miðað við síðar opinberar upplýsingar
Z <sup>''</sup> -skor Altman	Öruggur lántaki	Öruggur lántaki
BMR	0,73% líkur á gjaldþroti næsta árið	0,75% líkur á gjaldþroti næsta árið
Líkan Merton	Innan við 0,16% líkur á gjaldþroti næstu þrjá mánuði	Innan við 0,15% líkur á gjaldþroti næstu þrjá mánuði

73. Niðurstaða sérhverrar aðferðar við matið er samkvæmt þessu afdráttarlaus um að gjaldþrot Exista á þeim tíma sem máli skiptir „gat *alls ekki talist líklegt* og í raun *hverfandi* líkur á því.“ (Skáletrun ÓP.)
74. Við samanburð á áhættunni sem stafaði af hinni umþrættu lánveitingu annars vegar og þeirri áhættu sem hlotist *hefði* af sambærilegri lánveitingu til íslenskra banka á sama tíma hins vegar er niðurstaðan sú að á þeim tíma sem SPRON veitti lánið til Exista hafi „líklega ekki [verið] ástæður til að ætla að í lánveitingu til



Exista fælist verulega meiri áhætta en í sambærilegri lánveitingu til íslensks banka“.

75. Matsgerð dr. Hersis, sem er dagsett 2. febrúar 2015, liggur fyrir í skjölum málsins sem dskj. 17 [J]. Um nánari forsendur og niðurstöður matsgerðarinnar vísast til þess sem þar er skrifað. Um menntun og starfsferil dr. Hersis vísast til dskj. 17 [K].
76. Ákærða byggir á að sú greining sem fram kemur í matsgerð dr. Hersis sé rétt. Hana beri að leggja til grundvallar við úrlausn málsins.

### 5.3.5 Til hliðsjónar um sambærileg lán til Exista o.fl.

77. Ákærða telur rétt að benda á *til hliðsjónar* að peningamarkaðslán SPRON til Exista var ekki hið eina sinnar tegundar. Aðrir lánveitendur höfðu veitt félaginu lánaþyrirgreiðslu sem að mati ákærðu verður fyllilega jafnað við það lán sem hún sætir ákæru vegna. Í því sambandi bendir ákærða á eftirfarandi:
- Hinn 18. september 2008 fékk Exista ótryggt peningamarkaðslán frá Vátryggingafélagi Íslands hf. að fjárhæð kr. 4 milljarðar. Lánið var framlengt í tvígang, dagana 22. september og 29. september, en greitt hinn 30. september 2008.
  - Hinn 19. ágúst 2008 fékk Exista ótryggt peningamarkaðslán frá Sparisjóðabanka Íslands hf. að fjárhæð kr. 2 milljarðar. Gjaldldagi lánsins var 5. september 2008. Lánið var gert upp á gjalddaga.
  - Hinn 11. júlí 2008 fékk Exista ótryggt peningamarkaðslán frá Glitni banka hf. að fjárhæð kr. 1,5 milljarðar. Lánið var framlengt í þrígang, fyrst 11. ágúst, þá 11. september og loks 10. október 2008. Lokagjalddagi lánsins var 31. október 2008. Lánið var ekki greitt á gjalddaga og féll síðar undir nauðasamning Exista.
  - Hinn 26. september 2007 fékk Exista ótryggt peningamarkaðslán frá Kaupþingi banka hf. að fjárhæð kr. 4 milljarðar. Lánið var reglulega



framlengt. Hinn 30. september 2008 var peningamarkaðsláninu hins vegar umbreytt í ótryggt yfirdráttarlán sömu fjárhæðar. Yfirdráttarlánið var ekki endurgreitt og féll síðar undir nauðasamning Exista.

78. Um þrjár síðastnefndu lánveitingarnar vísast til bréfs verjanda ákærðu til Klakka ehf., dags. 20. mars 2015, sbr. fskj. 3, og svarbréfs Klakka ehf., dags. 25. sama mánaðar, sbr. fskj. 4.
79. Að mati ákærðu eru framangreindar lánveitingar til marks um það að aðrir lánveitendur hafi einnig litið svo á að óhætt væri á þessum tíma að veita Exista, eða eftir atvikum framlengja, skammtímafjármögnun án trygginga. Ákærða kannast ekki við að lögmæti þessara lánveitinga hafi verið dregið í efa. Verður ekki talið að ráðið geti úrslitum við mat á fjártjónshættu hvort lán hafi verið veitt hinn 30. september 2008 eða á vikunum þar á undan. Ekki hefur verið sýnt fram á að neinar þær breytingar hafi orðið á stöðu Exista eða ytri aðstæðum sem réttlætt geti ólíka afstöðu ákærvaldsins til þessara mála.
80. Ákærða bendir loks á að í dómasafni Hæstaréttar eru allnokkur mál þar sem með einum eða öðrum hætti hefur reynt á skammtímafyrirgreiðslu erlendra fjármálafyrirtækja til íslensku bankanna á vikunum fyrir fall þeirra. Sú staðreynd verður talin til marks um að á þeim tíma hafi erlendir lánveitendur almennt ekki séð afdrif íslensku bankanna fyrir. Að mati ákærðu fylgdi slíkum lánveitingum ekki minni fjártjónshætta heldur en fólst í þeirri peningamarkaðslánafyrirgreiðslu til Exista sem um er deilt í máli þessu, sbr. einnig matsgerð dr. Hersis Sigurgeirssonar á dskj. 17 [J]. Óhjálkvæmilegt er að taka tillit til þess við mat á því hvort óforsvaranlegt hafi verið að heimila lán til Exista.

### 5.3.6 Samantekt og niðurstaða

81. Af því sem rakið er hér að framan verður í fyrsta lagi ráðið að hin umþrætta lánveiting hafi rúmast innan þeirrar áhættustefnu sem mörkuð hafði verið í stjórn SPRON og talin var viðunandi fyrir sparisjóðinn. Í öðru lagi að fjárhagsstaða Exista hafi verið afar sterk hinn 30. september 2008, efnahagur félagsins traustur og lausafjárstaða góð. Greiðsluprot félagsins hafi orðið vegna ófyrirséðra atburða sem áttu sér stað eftir að lánið var veitt. Í þriðja lagi sýnir sérfræðileg greining á

líkum þess að greiðslufall yrði af láninu, miðað við upplýsingar um fjárhagsstöðu Exista þann dag sem lánið var veitt, að þær hafi verið hverfandi.

82. Af öllu framangreindu leiðir, að mati ákærðu, að skilyrði umboðssvikaákvæðis 249. gr. alm. hgl., um að ákærða hafi valdið umbjóðanda sínum verulegri fjártjónshættu og þar með haft auðgunarásetning til þeirrar ráðstöfunar sem um er deilt í skilningi 243. gr. sömu laga, getur ekki talist uppfyllt.

## 6 SAKARKOSTNAÐUR

83. Vegna kröfu um sakarkostnað vísast til ákvæða XXXIV. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

## 7 VITNALEIÐSLUR

84. Við aðalmeðferð mun verjandi ákærðu leiða vitni fyrir dóminn og spyrja vitni ákæruvaldsins eins og þurfa þykir.

## 8 ÁSKILNAÐUR

85. Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn, leiða fleiri vitni fyrir dóm og færa frekari rök, andmæli og rökstuðning fyrir kröfum ákærða á síðari stigum málsins ef þörf krefur. Málið verður reifað nánar og rökstutt við aðalmeðferð þess.

Reykjavík, 9. apríl 2015  
LOGOS lögmannsþjónusta

f.h. Rannveigar Rist



Óttar Pálsson hrl.

**Til Héraðsdóms Reykjavíkur**

**Efnisyfirlit**

1	MÁLFLUTNINGSUMBOÐ .....	1
2	DÓMKRÖFUR ÁKÆRÐU .....	1
3	SKJÖL .....	1
4	ATVIK MÁLSINS .....	2
5	RÖKSEMDIR OG SJÓNARMÍÐ FYRIR SÝKNU .....	4
5.1	Skilyrði 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.....	4
5.2	Misnotkun á aðstöðu .....	6
5.2.1	Afmörkun .....	6
5.2.2	Útlánareglur reistu ekki ákvörðunarvaldi félagsstjórnar skorður.....	7
5.2.3	Útlánareglur áttu ekki við um peningamarkaðslán.....	9
5.2.4	Ekki brotið gegn ákvæðum útlánareglna.....	10
5.2.5	Fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsstöðu Exista lágu til grundvallar þegar ákvörðun um lánið var tekin og mat stjórnar á þeim var forsvaranlegt .....	12
A.	Fyrirliggjandi upplýsingar og vísbendingar um fjárhagsstöðu Exista .....	12
B.	Sérstök þekking á málefnum Exista.....	15
C.	Lánasaga Exista.....	16
D.	Þýðing þess að hlutabréf Exista voru skráð í kauphöll .....	16
E.	Staða Exista á hlutabréfamarkaði.....	17
F.	Niðurstaða .....	17
5.2.6	Samantekt og niðurstaða.....	18
5.3	Veruleg fjártjónshætta. Auðgunarásetningur .....	19
5.3.1	Afmörkun .....	19
5.3.2	Lán innan áhættumarka .....	20
5.3.3	Fjárhagsstaða Exista .....	21
5.3.4	Líkur á greiðslufalli „hverfandi“. Sérfræðimat .....	23
5.3.5	Til hliðsjónar um sambærileg lán til Exista o.fl.....	24
5.3.6	Samantekt og niðurstaða.....	25
6	SAKARKOSTNAÐUR .....	26
7	VITNALEIÐSLUR .....	26
8	ÁSKILNAÐUR .....	26